



## 17. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 22. febrúar 2022 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir í forföllum Gunnars Arnar Hannessonar og Svanhildur Bogadóttir. Gunnar Gíslason svaraði ekki fundarboði og Ágúst Sigurðsson varamaður hans boðaði forföll. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Guðný Ásgeirsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Drög að nýju skipuriti (áætlað að taki gildi 1. mars)
2. Drög að nýrri aðalstefnu Þjóðskjalasafns Íslands (áætlað að taki gildi 1. apríl)
3. Fjármál – Áætluð fjárhagsstaða í árslok 2021 – Drög að áætlun 2022 í ljósi breytinga.
4. Drög að dagskrá á 140 ára afmæli ÞÍ mánudaginn 4. apríl – Stofnun Hollvinasamtaka

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

### 1. Drög að nýju skipuriti (áætlað að taki gildi 1. mars).

Þjóðskjalavörður fór yfir tillögu að nýju skipuriti safnsins sem áætlað er að taki gildi frá og með 1. mars nk. Markmið nýs skipurits er að styrkja betur nýjar áherslur í verkefnum Þjóðskjalasafns Íslands. Með nýju skipuriti verða svið safnsins lögð niður sem slík og aukin áhersla lögð á fageiningar. Til verða tvær skrifstofur, skrifstofa skjalavörslu og skjalastjórnar sem aðstoðarþjóðskjalavörður stýrir og skrifstofa rekstrar sem framkvæmdastjóri rekstrar stýrir. Fageiningarnar verða sjö talsins, þ.e. gagnaskil og eftirlit, stafræn endurgerð, fræðsla og rannsóknir, skráning, upplýsingaþjónusta, varðveisla og húsnæði. Einnig gerði þjóðskjalavörður grein fyrir fjárveitingum í innviðaverkefni og skráningu á skjölum á Höfðabakka og stöðu á húsnæðisgreiningu safnsins.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

### 2. Drög að nýrri aðalstefnu Þjóðskjalasafns Íslands (áætlað að taki gildi 1. apríl).

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, fór yfir drög að nýrri stefnu fyrir Þjóðskjalasafn Íslands sem áætlað er að taki gildi frá og með 1. apríl nk. Vinna við stefnumótun hefur staðið yfir frá því 2019 með víðtæku samráði við starfsfólk safnsins. Vinnustofur frá 2019 með öllu starfsfólki og aftur 2021 með aðstoð frá ráðgjöfum KPMG. Niðurstaðan er stefna sem er skipt í fjóra meginþætti, þ.e. sjálfbærni, hagur stjórnsýslunnar, minni samfélagsins og stafræn umbreyting. Þá valdi starfsfólk gildi safnsins árið 2021 sem eru Traust – Fagmennska – Framsýni.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Anna Agnarsdóttir.

### **3. Fjármál - Áætlun fjárhagsstaða í árslok 2021 - Drög að áætlun 2022 í ljósi breytinga.**

Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir fjárhagsstöðu safnsins í árslok 2021. Áætlunin gerði ráð fyrir 19 m.kr. útgjöldum umfram framlög ríkissjóðs og að gengið yrði á uppsafnaðan 28 m.kr. afgang til að mæta framúrkeyrslu. Niðurstaðan stefnir í að árinu verði lokað með 25 m.kr. halla sem flýst til ársins 2022. Helstu frávik frá áætlun eru laun sérfræðikostnaður og húsnæði auk þess að sértekjur voru yfir áætlun. Þá hefur áhrif á þessa stöðu að menningar- og viðskiptaráðuneytið mun greiða Þjóðskjalasafni útlagðan 12 m.kr. kostnað vegna leigu Höfðabakka frá miðju ári 2021 og mögulega einnig annan kostnað tengdum flutningi skjala á Höfðabakka.

Áætlun árið 2022 gerir ráð fyrir að fjárframlag úr ríkissjóði 2022 verði fullnýtt, þ.e. ekkert verði greitt upp í skuld frá fyrra ári. Helstu breytingar milli ára eru aukin launaútgjöld með fjölgun starfsfólks (ný verkefni tengd innviðaverkefni og átaki við frágang skjala) og aukinn húsnæðiskostnaður (nýjar geymslur á Höfðabakka). Samkvæmt fjárlögum 2022 fær Þjóðskjalasafn 515,3 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 133,7 m.kr. hækkun frá árinu 2021 þegar framlag úr ríkissjóði nam alls 381,6 m.kr. Hækkunin skýrist af nýjum verkefnum. Þannig fást 75 m.kr. vegna innviðaverkefnis og 22 m.kr. vegna leigu á Höfðabakka, en auk þess er 25 m.kr. tímabundin hækkun vegna átaksverkefnis við frágangs skjala. Auk þess hefur Þjóðskjalasafn fengið viljrði fyrir 80 m.kr. fjárfestingaframlagi í nýja tæknilausn safnsins.

Til máls tóku Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Jónsson.

### **4. Drög að dagskrá á 140 ára afmæli ÞÍ mánudaginn 4. apríl - Stofnun Hollvinasamtaka.**

Þjóðskjalavörður kynnti drög að dagskrá afmælishátíðar Þjóðskjalasafns Íslands sem verður 4. apríl nk. Þar munu forseti Íslands og menningar- og viðskiptaráðherra flytja ávörp og ný stefna safnsins verða kynnt. Á afmælishátíðinni verða Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns Íslands stofnuð formlega en þau hafa verið í undirbúningi í nokkurn tíma undir forystu Hjörleifs Guttormssonar.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)